

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

9. janúar 2018
UST201712-183/R.K.
08.12.00

Efni: Matskyldufyrirspurn. Mat á umhverfisáhrifum - framleiðsluaukning að Laxamýri

Við er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd, á vegum N-Lax ehf., kt: 551009-1220 að Laxamýri, eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Um er að ræða aukningu á ársframleiðslu N-Lax um allt að 40 tonn, úr 20 tonna ársframleiðslu, líkt og kveður á um í nágildandi starfsleyfi, yfir í 60 tonna. Starfsemin er landeldi á bleikju og regnbogasilungi (urriða) í eldiskerjum.

Frárennsli og mengun Laxár.

Fram kemur í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 601/2000, 1.11 í 1. viðauka, að þau leiddi á fiski þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn fellur undir flokk B og skal meta hverju sinni hvort viðkomandi framkvæmd skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur í greinagerð að eldisvatn rennur í Laxá. Laxá nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeygjarsýslu. Skv. 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár kemur fram að rekstur fráveitna á vatnasviðinu fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Aukið lífrænt álag

Þessi aukning á eldi veldur auknu lífrænu álagi á Laxá vegna aukinnar fóðrunar og úrgangi frá eldisfiski, þó svo verið fari í mótvægisáðgerðir líkt og að dæla úrgangi upp úr tjörninni. Líkt og kemur fram í greinagerð kemur aukningin til með að auka úrgangslosun í Laxá um 18 tonn en 12 tonn með mótvægisáðgerð. Þessi aukning er of mikil til að heimila án mats á umhverfisáhrifum að mati Umhverfisstofnunar. Skv. 3. gr laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár, er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki

Laxár og leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdir sem haft geta áhrif á lífríki innan gildissviðs laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að niðurstaða síðasta eftirlits var að framleiðsla væri ekki í samræmi við starfsleyfi, að skráning á losun fosfór og köfnunarefnis vantar og að niðurstöður mælinga hafa ekki borist Umhverfisstofnun og er umhverfisvöktun því ekki í samræmi við starfsleyfi N-Lax ehf.

Erfðablöndun- slysasleppingar

Fram kemur í greinagerð að notast er við sigti sem lokað er með kassa til að koma í veg fyrir slysasleppingar fiska úr settjörnninni í Laxá. Samkvæmt skýrslu áhættumats Hafrannsóknarstofnunar (2017) er óheimilt að stunda sjókvíaelði laxa á svæðum í við helstu Laxár landsins til að vernda villtu laxastofnana gegn erfðablöndun og laxalús. Þó svo hér sé um landeldi að ræða veldur frárennsli eldisvatns í ána hættu á slysasleppingum að mati Umhverfisstofnunar. Vert er að meta hættu á slysasleppingum úr stöðinni í Laxá við aukna framleiðslu N-Lax að mati Umhverfisstofnunar.

Niðurstaða

Í starfsleyfi N-Lax kemur fram að leyfi er til að ala lax, regnbogasilung og bleikju. Í greinagerð kemur fram að fyrirtækið hyggst auka eldi bleikju og regnbogasilungs. Óskýrt er hver hlutföll framleiðslunnar verða eða hver hlutur laxa í eldi er eða verður á svæðinu.


Umhverfisstofnun telur, vegna eðli eldis, staðsetningar og viðkvæmni viðtaka, að umrædd viðbót eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun minnir á að aukning er háð breytingu á starfsleyfi N-Lax ehf. hjá stofnuninni.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri